

Verðbil verður 3,5% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.  
Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnum verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1985:

<b>Óverkaður saltfiskur:</b>	US \$ pr. lest fob
Stórfiskur nr. 1 .....	2 250,00
Millifiskur nr. 1 .....	2 065,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	1 880,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	1 750,00
<b>Óverkaður saltfiskur (tandurfiskur):</b>	
Stórfiskur nr. 1 .....	2 060,00
Millifiskur nr. 1 .....	1 870,00
Smáfiskur nr. 1 (40/60) .....	1 725,00
Smáfiskur nr. 1 (60/100) .....	1 515,00

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*